

32

26. febr.

12. gr.  
 Árlega skal athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga: múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir og dyraumbúnaði, glugga (utan og innan), málningu, gólfduka, klæðningu veggja, hreinlætistöki, eldavél og hitunartæki, raflagnir og ljósatæki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðstjöld, gólf í samkomusal o. s. frv.

13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit, skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, öðlast gildi, þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Framanskráðar reglur staðfestast hér með.

*Menntamálaráðuneytið, 26. febrúar 1952.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

*Ásgeir Pétursson.*

33

26. febr.

Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Helga Ólafssonar, Hrærekslæk“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. febrúar 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Styrktarsjóðs Helga Ólafssonar, Hrærekslæk.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Helga Ólafssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt ákvæðum í erfðaskrá Helga Ólafssonar, Hrærekslæk í Hróarstungu, og er að upphæð kr. 16447.37 — sextán þúsund fjögur hundruð fjörutíu og sjö 37/100 —. Höfuðstól þennan má aldrei skerða.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnilega nemendur af Fljótsdalshéraði til náms í Eiðaskóla eða framhaldsnáms þaðan, og skal verja til þess árlega allt að  $\frac{4}{5}$  árs-vaxta.

Að öðru jöfnu skulu nemendur úr Hróarstungu sitja fyrir styrkveitingu úr sjóðnum.

## 4. gr.

Skólastjóri og kennarar Eiðaskóla ákveða hverjum skuli veitt úr sjóðnum. 26. febr. 33  
Lágmarksstyrkur til hvers styrkþega skal vera kr. 500.00.

## 5. gr.

Árlega skal leggja minnst  $\frac{1}{5}$  ársvaxta við höfuðstólinn, svo og gjafir, er sjóðnum kunna að berast.

## 6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða öðrum jafntryggum stað. — Reikningshald sjóðsins annast skólastjóri Eiðaskóla og skulu reikningar hans birtir í skólaskýrslu Eiðaskóla.

## 7. gr.

Verði Eiðaskóli lagður niður, afhendist sjóðurinn hreppsnefnd Tunguhrepps, sem ráðstafar honum í anda þessarar skipulagsskrár.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Framanritaða skipulagsskrá höfum vér undirritaðir samið samkvæmt fyrir-  
mælum í erfðaskrá Helga Ólafssonar, Hræreklæk.

P. t. Rangá, 2. október 1951.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Björn Hallsson.

Þórarinn Þórarinsson.

## REGLUGERÐ

## um íslenzkar getraunir.

34

26. febr.

## 1. gr.

Menntamálaráðuneytið veitir Íþróttanefnd ríkisins heimild til þess að reka getraunastarfsemi (veðmálastarfsemi) til ágóða fyrir íþróttasjóð í sambandi við íþróttakappleiki og veitist leyfið til 3 ára í senn og framlengist um sama árabíl, ef leyfissvipting er eigi tilkynnt a. m. k. sex mánuðum fyrr en leyfistímabili lýkur.

## 2. gr.

Íþróttanefnd ríkisins felur stofnun, sem nefnist Íslenzkar getraunir, rekstur getraunastarfseminnar, og ber íþróttasjóður fjárhagslega ábyrgð á rekstri stofnunarinnar.

## 3. gr.

Í stjórn Íslenzkra getrauna skulu vera þrír menn og jafnmargir til vara, skipaðir af menntamálaráðuneytinu til 3 ára í senn, formaður að fengnum tillögum íþróttanefndar ríkisins, annar samkv. tilnefningu sambandsráðs Í.S.Í. og hinn þriðji eftir tilnefningu stjórnar U.M.F.Í.

Íþróttanefnd ákveður starfssvið stjórnarinnar og gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um þóknun hennar.

Íþróttanefnd ríkisins ræður framkvæmdarstjóra og gerir tillögur til ráðuneytisins um laun hans og önnur starfskjör.